

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 15/1992. **Hraðfrystihús Þórkötlu-  
staða hf.**

gegn

**Skipasmiðjunni Herði hf.**

Þingfesting. Frestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Áfrýjað er dómi bæjarþings Keflavíkur 22. júlí 1991.

Er mál þetta skyldi þingfesta 3. febrúar 1992, kom fram sú krafa frá stefnda, að málið yrði ekki þingfest og því vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi gerir þá kröfu, að málið verði þingfest og því frestað til reglulegs þingdags í júní 1992. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að áfrýjanda skorti rétt-hæfi, þar sem félaginu hafi verið slitið eftir sameiningu þess við Fiskanes hf. í Grindavík. Hafi samruni félaganna verið tilkynntur til Hluta-félagaskrár 28. desember 1990. Áfrýjandi sé því ekki til sem félag eða lögpersóna og geti því ekki verið aðili að dómsmáli.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að félagið hafi ekki verið afskráð hjá hluta-félagaskrá samkvæmt 3. mgr. 130. gr. laga nr. 32/1978 um hluta-félög. Hafi félagið m.a. stjórn og framkvæmda-stjóra. Félagið sé því enn til og hafi bæði aðildarhæfi og rétt-hæfi.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að Hraðfrystihús Þórkötlu-staða hf. hafi verið afskráð í Hluta-félagaskrá, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 32/1978.

Lagarök standa ekki til þess að synja þingfestingar máls þessa. Verður það því þingfest, og með hliðsjón af 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður því frestað til reglulegs þingdags í júní 1992.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað til reglulegs þingdags  
1. júní 1992.

Stefndi, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði áfrýjanda, Hrað-  
frystihúsi Þórkötlustaða hf., 10.000 krónur í málskostnað.

---